# REGLUGERÐ

**um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.**

*Gildissvið.*

1. gr.

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta þeir sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga~~, vöruflutninga~~ og ~~efnisflutninga~~ farmflutninga á landi, fengið endurgreidda 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur ~~var/~~er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða og almenningsvagna á tímabilinu frá 1. ~~september~~ janúar ~~2000~~ 2011 til og með 31. desember ~~2006~~ 2014.

*Skilyrði fyrir endurgreiðslu.*

2. gr.

Endurgreiðsluheimild skv. 1. gr. er bundin við ~~hópferðabifreiðir,~~ ökutæki sem ~~nýskráðar~~ nýskráð eru á tímabilinu 1. ~~september~~ janúar ~~2000~~ 2011 til og með 31. desember ~~2006 og búnar eru aflvélum samkvæmt EURO2 staðli ESB, eða sambærilegum aflvélum~~ 2014. Með hópferðabifreiðum er átt við ökutæki sem aðallega ~~er~~ eru ~~ætlað~~ ætluð til fólksflutninga og eru skráð ~~er~~ fyrir 18 ~~menn~~ manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni~~. Heimildin~~ og ~~tekur~~ búin ~~ekki~~ aflvélum ~~til~~ samkvæmt ~~almenningsvagna~~ EURO 5 staðli ESB.

*Endurgreiðslubeiðni.*

3. gr.

Sækja skal um endurgreiðslu til tollstjórans í Reykjavík á sérstökum eyðublöðum í því formi sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

Með umsókn skulu fylgja gögn sem sýni fram á að krafa 2. gr. reglugerðar þessarar um aflvél samkvæmt ~~EURO2~~ EURO 5 staðli ESB, eða sambærilega aflvél, sé uppfyllt.

Með umsókn skal fylgja frumrit sölureiknings eða greiðsluskjal frá tollyfirvöldum þar sem virðisaukaskattur af kaupverði kemur sérstaklega fram. Þessi skjöl skal stimpla við endurgreiðslu og endursenda umsækjanda að lokinni afgreiðslu.

Þegar um leigu er að ræða skal afrit af leigusamningi fylgja með umsókn. Jafnframt skulu fylgja frumrit sölureikninga þar sem virðisaukaskattur af leigugjaldi kemur sérstaklega fram. Þessi skjöl skal stimpla við endurgreiðslu og endursenda umsækjanda að lokinni afgreiðslu.

Sölureikningar skulu uppfylla form- og efniskröfur skv. II. kafla reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst tollstjóranum í Reykjavík eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

*Afgreiðsla á umsóknum.*

4. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari. Hann skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur í því sambandi krafið umsækjanda og viðsemjanda hans nánari skýringa á viðskiptunum.

Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

5. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett er með heimild í lögum nr 1. 72/2005, mgr. um 49. breyting gr. á lögum um virðisaukaskatt laga nr. 50/1988, með síðari breytingum, kemur og í ákvæði stað til reglugerðar bráðabirgða, X, við lög nr. 540 50/2001 1988, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða virðisaukaskatt, með síðari breytingum., Reglugerð þessi og öðlast þegar gildi.

- Fjármálaráðuneytinu, 1. júlí 2005. -

F. h. r.

- Baldur Guðlaugsson. -

- Ingvi Már Pálsson. -

**Fyrirvari**
Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.